

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 128/2008

frá 5. desember 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/65/EB frá 27. júní 2008 um breytingu á tilskipun 91/439/EBE um ökuskírteini ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 24a (tilskipun ráðsins 91/439/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32008 L 0065**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/65/EB frá 27. júní 2008 (Stjtíð. ESB L 168, 28.6.2008, bls. 36).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/65/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2008.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 110, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 168, 28.6.2008, bls. 36.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.